



Fundargerð

402. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 10. nóvember 2016. Þetta er 11. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn, áheyrendur og lögreglustjóra velkomna. Heidi Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista og Jóhannes Gissurarson Ó-lista boða forföll í þeirra stað eru mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista og Auður Eypórsdóttir 1. varamaður Ó-lista.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá.

Viðbót við dagskrá:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

8. 1611007 Ákvörðun kjararáðs um hækkun á þingfararkaupi

9. 1611008 Gatnagerð fyrir Skaftárvelli 26-30

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri sótti upphafsfund vegna ASCENT verkefnisins á Írlandi í október sem Skaftárhreppur samþykkti að taka þátt í með Landgræðslunni sl. vor og hlaut styrk úr norðurslóðaáætluninni. Undirritaður var samningur um gestastofu Vatnajökulshjódgarðs á Kirkjubæjarklaustri á formlegum fundi þann 19. október sl. Oddviti og varaoddviti sóttu ársþing SASS á Hnappavöllum. Á ársfundinum var undirrituð viljayfirlýsing forsætisráðuneytisins og stjórn Köllu jarðvangs um fjármögnun jarðvangsins næstu 5 árin. Sveitarstjóri sótti stjórnarfund Náttúrustofu Suðausturlands á Höfn. Uppbygging á íbúðarhúsum er hafin á tveimur lóðum á Skaftárvöllum. Íbúðafundur verður haldinn 16. nóvember nk. vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2017-2020 þar sem framtíðarsýn verkefnisins Skaftárhrepps til framtíðar verður einnig kynnt. Sveitarstjóra hefur verið boðið að halda erindi á ferðamálaþingi 30. nóvember nk. um mikilvægi ferðaþjónustu fyrir sveitarfélög.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1611003 Kynning frá embætti lögreglustjóra og almannvarnarmál

2. 1603022 Skaftárhreppur til framtíðar – Framtíðarsýn 2020 til staðfestingar

Sveitarstjórn þakkar verkefnisstjórn og verkefnisstjóra góða vinnu við mótun framtíðarsýnar fyrir Skaftárhrepp. Sveitarstjórn staðfestir framtíðarsýnina og mun leggja sitt af mörkum við framkvæmd aðgerðaráætlunar. Sveitarstjórn fagnar því að verkefnið skuli nú vera komið á þriðja stig og að formennska verkefnisstjórnar færist þar með til Skaftárhrepps.

3. 1610017 Fjarbeiðni Stígamóta fyrir árið 2017. dags. 10.10.2016

Sveitarstjórn þakkar erindið en getur ekki stutt við verkefnið að þessu sinni.

4. 1611002 Umsókn um tækifærisleyfi vegna Skátamóts 2017 til umsagnar. dags. 21.10.2016

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

5. 1610021 Umsókn um styrk 2017. Erindi frá félagi eldri borgara í Skaftárhreppi. dags. 20.10.2016



Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til vinnu við fjárhagsáætlun 2017.

6. 1611004 Rammasamningur milli SÍ og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila. Sveitarstjórn fagnar tilkomu samningsins. Sveitarstjórn samþykkir að Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar starfi samkvæmt samningnum og felur sveitarstjóra að tilkynna Sjúkratryggingum Íslands um ákvörðunina.

7. 1611005 Tilboð í bókhaldskerfi fyrir sveitarfélagið
Sveitarstjórn samþykkir að tekið verði tilboði frá Wise.

8. 1611007 Ákvörðun kjararáðs um hækkun á þingfararkaupi
Sveitarstjórn samþykkir í tilefni af ákvörðun kjararáðs frá 9. júní 2016 að þóknun kjörinna fulltrúa og nefnda taki mið af þingfararkaupi að upphæð 762.940 kr. á mánuði en hækki ekki til samræmis við síðustu ákvörðun kjararáðs frá 29. október sl. þar sem gert er ráð fyrir að þingfararkaup hækki í 1.101.194 kr. á mánuði. Jafnframt liggur fyrir undirritað samkomulag milli sveitarstjórnar og sveitarstjóra um að laun sveitarstjóra Skaftárhrepps hækki ekki samkvæmt síðustu ákvörðun kjararáðs frá 29. október sl. heldur miðist við þingfararkaup sem ákveðið var 9. júní 2016.

9. 1611008 Gatnagerð fyrir Skaftárvelli 26-30
Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til að gera verðkönnun vegna gatnagerðar fyrir Skaftárvelli 26-30.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1605008 Fundargerð 147. fundar fræðslunefndar. 02.11.2016

Tónlistarskóli

2. Styrkur

Formaður greinir frá því að Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps og Kvenfélagið Hvöt hafa ákveðið að gefa 100 þús. kr. hvort, sem nota á til kaupa á nýju píanói fyrir tónlistarskólann.

Fræðslunefnd og skólastjóri þakkar kvenfélögunum fyrir góðan hug og rausnalegar gjafir.

*Sveitarstjórn tekur undir þakkir fræðslunefndar vegna styrks kvenfélaganna.
Fundargerð í heild samþykkt.*

2. 1604047 22. fundargerð FSRV.25.10.2016

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlanir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu fyrir árið 2017.

Fundargerð í heild samþykkt.

3. 1610018 120. fundargerð skipulagsnefndar. 18.10.2016

Eva Björk Harðardóttir víkur af fundi og Bjarni Bjarnason 1. varamaður D-lista kemur inn í hennar stað við afgreiðslu næstu tveggja liða. Sveitarstjóri tekur við stjórn fundarins.

1. Efri-Vík – Tillaga aðalskipulagsbreytingar

Tillaga aðalskipulagsbreytingar fyrir íbúðarbyggð að Efri-Vík var samþykkt á síðasta fundi skipulagsnefndar. Í samráði við Landmótun teiknistofu er málið tekið inn aftur með það að markmiði að marka heildrænni stefnu og skilmála er varðar þéttbýlismyndum innan sveitarfélagsins.



Nefndin leggur til að inn í greinargerð aðalskipulags verði bætt við skilmálum er varðar uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum. Í breytingunum felst að settur er skýrari rammi og heimildir um uppbyggingu frístundahúsa, íbúðarhúsa og smáhúsa innan landbúnaðarsvæða. Heimildir verði samkv. eftirfarandi töflu sem birtist undir lið 2.1 Landbúnaðarsvæði neðan 200 m y.s.

| Landstærðir | Heiti | Þéttleiki | Dæmi um uppbyggingu skv. aðalskipulagi |
|--------------|----------------------|---|---|
| 0,5 til 3 ha | Íbúðarlóðir | Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,02 en að hámarki 600 m ² samanlagt og að hámarki 3 hús. | Íbúðarhús, gestahús, geymsluhús. |
| 3 – 15 ha | Landspildur/smábýli | Hámarksnýtingarhlutfall, N: 0,02 en að hámarki 1000 m ² samanlagt og að hámarki 5 hús. | Íbúðarhús, gestahús, gripahús, gróðurhús, geymsluhús |
| >15 | Landspildur/Bújarðir | Almenn ákvæði í samræmi við texta er varðar ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum. | 3 íbúðarhús fyrir utan þau sem tengjast búrekstri. 3 frístundahús. Sérhæfðar byggingar fyrir aðra Atvinnustarfsemi en landbúnað: 1.500 m ² (nýjar byggingar og þær sem fyrir eru). |

Nefndin leggur jafnframt til að eftirfarandi texta verði bætt í greinargerð er varðar ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum:

Ferðaþjónusta á landbúnaðarsvæðum

Á bújörðum sem eru 15 ha eða stærri mega sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað vera allt að 1500 m² (samtals gömul hús og ný) þar sem aðstæður leyfa. Rekstur, sem krefst stærri bygginga verður hins vegar einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru fyrir viðkomandi landnotkun á aðalskipulagsupprætti. Uppbygging sem hér hefur verið lýst er ekki heimil á bújörðum þar sem land er minna en 15 ha að óbreyttu aðalskipulagi. Almenn stærðarviðmiðun miðar að því að auðvelda minni háttar uppbyggingu og rekstur atvinnugreina sem styðja við hefðbundinn landbúnað og búsetu á svæðinu. Verði slík starfsemi skilin frá búrekstri krefst það formlegrar breytingar á aðalskipulagi.

Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta fleiri stoðum undir búreksturinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



2 Efri-Vík – Deiliskipulag

Lögð er fram deiliskipulagstillaga í landi Efri-Víkur. Í tillögunni felst að hluti fristundasvæðis verður íbúðasvæði. Gert er ráð fyrir 14 íbúðarlóðum 1-8 ha að stærð og 18 fristundalóðum sem eru á bilinu 1-3 ha. Deiliskipulagssvæðið er samtals um 65 ha að stærð

Tillagan er samþykkt á grundvelli þeirra heimilda sem upp eru talin í breytingu á aðalskipulagi í lið 1. Nefndin leggur til að tillagan verði auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu eftir yfirferða og samþykkt skipulagsstofnunnar. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Kálfafell – Smáhýsi

Björn Helgi Snorrason óskar eftir umsögn skipulagsnefndar vegna hugsanlegrar uppbyggingar smáhýsagistingar að Kálfafelli. Í framkvæmdinni fælist bygging 2-3 smáhýsa á túni sunnan Kálfafells. Óskað er eftir samþykkt fyrir áætluðum framkvæmdum án frekari skipulagningarinnar jarðarinnar og er þar vísað til heimildar til uppbyggingar á allt að þremur fristundahúsum innan jarða.

Nefndin vísar til aðalskipulagsbreytingar í lið 1 og þeirra heimilda sem þar eru veittar. Ekki er gerð athugasemd við uppbyggingu smáhýsa innan jarðar Kálfafells að lokinni skipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. Kálfafell 1 – Smáhýsi

Rúnar Þór Snorrason óskar eftir umsögn skipulagsnefndar vegna hugsanlegrar uppbyggingar smáhýsagistingar að Kálfafelli. Í framkvæmdinni fælist bygging 2-3 smáhýsa á túni austan íbúðarhúss Rúnars að Kálfafelli. Óskað er eftir samþykkt fyrir áætluðum framkvæmdum án frekari skipulagningarinnar jarðarinnar og er þar vísað til heimildar til uppbyggingar á allt að þremur fristundahúsum innan jarða.

Nefndin vísar til aðalskipulagsbreytingar í lið 1 og þeirra heimilda sem þar eru veittar. Ekki er gerð athugasemd við uppbyggingu smáhýsa innan jarðar Kálfafells að lokinni skipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. Skálmarbær – Breyting á deiliskipulagi

Ulla R. Pedersen fh. Landeigenda að Skálmarbæ í Álfatarveri sækir um minniháttar breytingu á deiliskipulagi. Í breytingunni felst að lóð nr. 13 er felld niður og lóð nr. 7 er færð til innan skipulags og stækkar úr 8000 m² í 10.000 m².

Nefndin gerir ekki athugasemd við viðkomandi breytingu og leggur til að hún verði afgreidd á grundvelli 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerð í heild samþykkt.

4. 1611009 121. fundargerð skipulagsnefndar. 08.11.2016

1. Iðjuvellir – Beiðni um breytingu á aðalskipulagi

Árni Collett fh. hugsanlegra kaupenda Iðjuvalla 3 óskar eftir því skipulagsnefnd og sveitarstjórn Skaftárhrepps að unnin verði lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna svæðis í kringum Iðjuvelli 3. Um er að ræða breytingu á athafnasvæði í verslunar og þjónustusvæði núverandi svæði V-6 stækki sem nemur lóð Iðjuvalla 3.



Nefndin gerir ekki athugasemdir við að unnin verði lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna lóðar Iðjuvalla 3. Slíkt verði unnið í samráði við núverandi eiganda hússins og hugsanlega kaupendur. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Tunga – Breyting á aðalskipulagi

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var samþykkt á fundi nefndarinnar í ágúst. Lögð er fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna uppbyggingar ferðaþjónustu innan jarðarinnar Tungu. Viðfangsefni breytingarinnar er nýtt verslunar –og þjónustusvæði. Gert er ráð fyrir 50 herbergja hóteli á tveimur hæðum, starfsmannahúsum og sögusafni. Lögð er áhersla á tenginu fiskeldis við starfsemina. Samhliða aðalskipulagsbreytingu hefur verið unnin deiliskipulagstillaga.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að málið verði auglýst í samr. Við 31.gr. skipulagslaga að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunnar. Skipulagsfulltrúa falið að ljúka málinu. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Botnar – Breyting á deiliskipulagi.

Unnin var breyting á gildandi deiliskipulagi Botna í Skaftárhreppi. Tillagan var auglýst frá 30.júní - 12.ágúst. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun og Umhverfisstofnun. Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma.

Samþykkt. Nefndin mælist til þess að skipulagið taki gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. Selhólavegur 10 – Beiðni vegna lögheimilis

Erla Ósk Sigurðardóttir og Kristján Sumarliði Guðmundsson hafa sent inn meðfylgjandi beiðni er varðar skráningu lögheimil að Selhólavegi 10. Lagt fyrir nefndina til umsagnar.

Nefndin mælist til þess að skipulagsferlið verði klárað áður en notkun lóðarinnar er breytt. Sveitarstjórn bárust nánari skýringar frá umsækjendum varðandi skráningu lögheimilis.

Sveitarstjórn samþykkir að Erlu Ósk Sigurðardóttur og Kristjáni Sumarliða Guðmundssyni verði veitt undanþága til að flytja lögheimili sitt að Selhólavegi 10 í ljósi þess að vinna við breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrir svæðið stendur nú yfir. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að endurskoða ákvörðun sína ef breytingar á skipulagi ná ekki fram að ganga.

Fundargerð í heild samþykkt.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur inná fundinn og tekur við stjórn hans. Bjarni Bjarnason viku af fundi.

5. 1604045 21. fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 23.09.2016

1. Fjárhagsáætlun næsta árs

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd óskar eftir áframhaldandi fjárframlagi til að staðsetja gáma í eina viku í hverju hinna gömlu hreppa sveitarfélagsins líkt og var síðastliðið sumar í samtali við Íslenska Gámafélagið.

Jafnframt óskar umhverfis- og náttúruverndarnefnd eftir því að fjármagn verður tryggt til að framleiða upplýsingaskilti og setja á helstu áningarstaði meðfram þjóðvegi í Skaftárhreppi.



Tilgangur þessara skilta er að upplýsa hversu langt er á næsta tjaldstæði og á gámvöll, verða skiltin að lágmarki á fimm tungumál.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd skorar á sveitarstjórn að tryggja fjármagn í láglandisvörð innan Skaftárhrepps, láglandisvörður hefur eftirlit með helstu áningarstöðum í sveitarfélaginu.

Vísað til vinnu við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2017-2020

Fundargerð í heild samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1604031 38. fundargerð félagsmálanefndar. 31.10.2016. *Fundargerð kynnt.*
2. 1604030 513. fundargerð SASS. 19.10.2016. *Fundargerð kynnt.*
3. 1604026 843. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga. 28.10.2016. *Fundargerð kynnt.*
4. 1610016 Fundargerð ársfundar SSKS. 23.09.2016. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1603019 Erindi frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál. dags. 17.10.2016. *Kynnt.*
2. 1604040 Erindi IRR vegna beiðni um upplýsingar vegna oddvita- og varaoddvitakjörs. dags. 21.06.2016. *Kynnt.*
3. 1604040 Svar oddvita til IRR vegna oddvita- og varaoddvitakjörs. dags. 06.07.2016. *Kynnt.*
4. 1604048 Afrit af erindi Orkustofnunar til Harðar Davíðssonar vegna framlengingar skammtímaleyfis til vatnaveitinga. dags. 26.10.2016. *Kynnt.*
5. 1610011 Afrit af tölvupósti Ríkiseigna til Vegagerðar ríkisins vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar Hraunbæjarvegar. dags. 01.11.2016. *Kynnt.*
6. 1605025 Svar Vegagerðar við beiðni Skaftárhrepps um breytta skilgreiningu vegar að Fjaðrárgljúfri. dags. 17.10.2016. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður 8. desember 2016

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15.30

Eva Björk Harðardóttir

Sverrir Gíslason

Jóna Björk Jónsdóttir

Auður Eyþórsdóttir

Bjarki Guðnason